

Náttúruverndarstofnun

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfossi

Garðabær, 19. mars 2025
202503-0015/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Stóra-Hraun - Sveitarfélagið Árborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar er barst 3. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Stóra-Hraun.

Í greinargerð kemur fram að Stóra-Hraun er landspilda um 250 ha að stærð, sem liggur í og við gatnamót að Eyrarbakka og Stokkseyri, og upp með Eyrarbakkavegi, og er áætlað að nýta hluta landsins undir nýtt fangelsi. Tillagan gerir ráð fyrir byggingum, bílastæðum, veggjum og girðingum, jarðvegsmönnum og trjágróðri.

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið er lítið raskað, sem hefur verið nýtt m.a. undir beit. Innan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, verndaðar vistgerðir og mikilvægt fuglasvæði.

Votlendi

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er votlendi nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.¹

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun áætlunin gera ráð fyrir raski á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar. Því þarf að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

Náttúruverndarstofnun

Náttúruverndarstofnun leggur einnig til að skoðuð sé önnur svæði fyrir uppbyggingu þar sem votlendi er ekki raskað.

Einnig getur vegagerð valdið fyrirstöðu og þurrkáhrifum.

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Mikilvægi votlendis

Mikið hefur verið gengið á votlendi Íslands á undanförnum áratugum með framræslu og nú er staðan þannig að tiltölulega lítið er eftir af óröskuðu votlendi á láglendi og sem dæmi um það má nefna að aðeins 3% alls votlendis á Suðurlandi er eftir óraskað.

Votlendi hafa margvíslegt gildi og má skipta mikilvægi þeirra upp í þrjá flokka.

- Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatið. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.
- Þjónusta vistkerfa: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.
- Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.²

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

Náttúruverndarstofnun

útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin runnamýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; spói (*Numenius phaeopus*), lóupræll (*Calidris alpina*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*) og hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), stelkur (*Tringa totanus*), einnig kjói (*Stercorarius parasiticus*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) og grágæs (*Anser anser*) nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Náttúruverndarstofnun bendir á eins og kemur fram í greinargerð að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ³ og bendir Náttúruverndarstofnun á að á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>).

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Í greingerð segir að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.⁴ Í greinargerð segir að innan deiliskipulagsvæðis má segja að fuglalíf hopi vegna þess að deiliskipulagssvæðið afmarkast af tveimur stofnvegum þar sem umferð er töluverð og má því efast um að mikið fuglalíf sé á svæðinu og allra síst næst Eyrarbakkavegi og Gaulverjarbæjarvegi.

Náttúruverndarstofnun tekur undir að frekari uppbygging og rask á svæðinu mun hafa neikvæð áhrif á votlendi, vistgerðir og búsvæði ábyrgðategunda. Náttúruverndarstofnun leggur til að unnið sé gróðurkort og gerð fuglatalning sem væri notuð sem grunnforsendur við skipulagsvinnuna.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Virðingarfyllst,

³ <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁴ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

Náttúruverndarstofnun

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sveinn Kári Valdimarsson

sérfræðingur